

Október 2021



Samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna - Jafnréttisráð

Samantekt af fyrsta fundi

11. júní 2021

Útgefandi:

Forsætisráðuneytið

Október 2021

for@for.is

www.forsaetisraduneyti.is

Myndir:

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Umbrot og textavinnsla:

Forsætisráðuneytið

©2021 Forsætisráðuneytið

ISBN 978-9935-482-30-3

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
1. Þátttakendur	5
2. Lykilfyrirlestur og lykilsurningar	7
3. Umræður.....	8
3.1 Hvert er hlutverk stjórnvalda og hvernig tala hinir ýmsu hlutar stjórnkerfisins saman?.....	9
3.2 Aðgerðaskylda í jafnréttislögum varðandi fræðslu	9
3.3 Hvaða hlutverki gegna aðilar vinnumarkaðarins?	11
3.4 Annað sem vert er að ræða	12
4. Niðurstöður.....	13

Útdráttur

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra boðaði til fyrsta fundar nýs samráðsvettvangs um jafnrétti kynjanna – Jafnréttisráðs - þann 11. júní 2021. Dagskrá þessa fyrsta fundar var í anda nýrrar jafnréttislöggjafar og var lykilfyrirlesari dagsins dr. Þorgerður J. Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands. Kallaði hún erindi sitt: *Konur, karlar og fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá. Jafnréttispolítík á tímum margbreytileikans.*

Að loknu erindi Þorgerðar var unnið í hópum að því að svara tilteknum lykilsurningum sem tengdust efninu. Þátttakendur í fundinum voru 24, 19 konur og fimm karlar, sem skipt var á fjögur borð.

Lykilsurningar voru:

- Hvert er hlutverk stjórnvalda og hvernig tala hinir ýmsu hlutar stjórnkerfisins saman?
- Aðgerðaskylda í jafnréttislögunum varðandi fræðslu. Hvað þýðir að sinna eigi jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum? Hvað þýðir samþætting?
- Í nýjum lögum bæði um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum um kynrænt sjálfræði eru lagðar miklar skyldur á atvinnurekendur. Getur það að losa um kynjatvíhyggju hrist upp í kynjaskiptingu vinnumarkaðarins?

Í umræðum kom fram áhugi á jafnréttisfræðslu en mikilvægi slíkrar fræðslu innan skólakerfisins er mikið, auk þess sem fræðsla þarf einnig að eiga sér stað innan atvinnulífsins.

Í lögum er rík skylda lögð á skólakerfið en misbrestur virðist vera á að henni sé fylgt eftir með skipulögðum hætti. Þá er mikilvægt að starfsfólk í opinberri stjórnsýslu kunnir og þekki til jafnréttismála og kynjasamþættingar. Í atvinnulífinu þarf að viðhafa virka fræðslu þar sem fólk þarf að þekkja réttindi sín og atvinnurekendur að þekkja lögbundnar skyldur sínar.

Mikilvægt var talið að nýrri löggjöf fylgdi markviss fræðsla svo tryggt væri að ekki yrði um ósamræmi að ræða í stjórnkerfinu við framfylgd laga.

Mikill samhljómur var í almennum umræðum um mannréttindi, réttindabaráttu og fjölbreytileika. Rætt var um það bakslag sem borið hefur á í jafnréttismálum víða erlendis og áréttað mikilvægi þess að gæta að sameiginlegum hagsmunamálum til að tryggja að á Íslandi komi ekki upp staða sem getur leitt til bakslags í jafnréttismálum.



1. Þátttakendur

Boðað var til fundarins samkvæmt 24. grein laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þar segir að „[m]innst einu sinni á ári [skuli] kalla saman samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, Jafnréttisráð, með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem vinna að kynjajafnrétti samkvæmt lögum þessum“. Í reglugerð um Jafnréttisráð – samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, nr. 460/2021, segir jafnframt að fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra eigi rétt til þátttöku og auk þess geta lögaðilar sem starfa að jafnrétti kynjanna óskað eftir þátttöku samkvæmt auglýsingu þar um. Forsætisráðuneytið birti auglýsingu um þátttöku í samráðsvettvanginum þann 30. apríl 2021.

Eftirfarandi aðilar voru skráðir til þátttöku á fundinum:

Anna Guðrún Björnsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga
Arnar Gíslason	Háskóli Íslands
Brjánn Jónsson	Félag um foreldrajafrétti
Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir	Kvenréttindafélag Íslands
Daníel E. Arnarsson	Samtökin '78
Embla Guðrúnar Ágústsdóttir	Tabú
Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir	Ungmennafulltrúi Íslands hjá SP á sviði kynjajafnréttis
Eygló Ingadóttir	Jafnréttisnefnd LSH
Guðrún Margrét Guðmundsdóttir	ASÍ
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir	Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar
Heiðrún Björk Gísladóttir	SA
Huginn Þór Grétarsson	Samtök um karlaathvarf
Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir	Landssamtökin Þroskahjálpi
Isabel Alejandra Diaz	Stúdentaráð HÍ
Karen Ósk Pétursdóttir	BHM
Margrét Steinarsdóttir	Mannréttindaskrifstofa Íslands
Marta Birna Baldursdóttir	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Róbert Bragason	Félag um foreldrajafrétti
Sigríður Örlygsdóttir	FKA - Félag kvenna í atvinnulífinu

Sigrún Birna Björnsdóttir	Kennarasamband Íslands
Sonja Ýr Þorbergsdóttir	BSRB
Sólrún Guðjónsdóttir	Kvenfélagasamband Íslands
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir	Stígamót
Stella Samúelsdóttir	UN Women á Íslandi

Að auki tók þátt í fundinum eftirfarandi starfsfólk forsætisráðuneytisins og Jafnréttisstofu:

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir	Jafnréttisstofa
Hjalti Ómar Ágústsson	Jafnréttisstofa
Hugrún R. Hjaltadóttir	Forsætisráðuneyti
Jakob Snævar Ólafsson	Forsætisráðuneyti
Katrín Björg Ríkarðsdóttir	Jafnréttisstofa
Rán Ingvarsdóttir	Forsætisráðuneyti
Steinunn Valdís Óskarsdóttir	Forsætisráðuneyti



2. Lykilfyrirlestur og lykilspurningar

Dr. Þorgerður J. Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands, var lykilfyrirlesari. Erindi hennar bar yfirskriftina: *Konur, karlar og fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá. Jafnréttisþólitík á tímum margbreytileikans.* Þar fjallaði hún um það hvernig merking hugtaksins jafnrétti hefur breyst og þróun jafnréttislöggjafar á Íslandi. Þá fjallaði hún um hvernig þær aðferðir sem hefur verið beitt við að ná fram jafnrétti hafa þróast frá því að vera sértækar aðgerðir og afmörkuð verkefni yfir í kerfisbreytingar þar sem jafnréttisverkefni eru hluti af öðrum verkefnum, í anda samþættingar. Stórt skref var stigið við síðustu endurskoðun jafnréttislaga þegar fallið var frá því að gera eingöngu ráð fyrir konum og körlum í lagatexta.

Þorgerður fjallaði um nokkur atriði jafnréttislaganna – aðgerðaskyldu stjórnvalda, samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og jafnréttisfræðslu. Þessi atriði krefjast sérþekkingar á málaflokknum og rannsókna til að hægt sé að uppfylla lagaskylduna. Á sama tíma og aukin krafa er um þekkingu eru lögin ekki nægjanlega skýr með hvað felst í t.d. jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum eða hvað felst í því „að gera ráðstafanir“. Þær vangaveltur tengdi hún yfir í nýtt ákvæði jafnréttislaganna um fjölþætta mismunun og ný lög um kynrænt sjálfræði. Nýju lögin opna ákveðin tækifæri og nýjar spurningar. Saga kvennabaráttunnar og baráttunnar fyrir réttindum trans fólks er saga bæði samstöðu og útilokunar. Er áfram hægt að vinna með samstöðuna og finna leiðir til að losa um kynjatvíhyggjuna og brjóta upp hefðbundin kynhlutverk, t.d. þegar kemur að kynskiptum vinnumarkaði með stuðningi í lögum um kynrænt sjálfræði?

Þá varpaði Þorgerður fram spurningu um það hvort kerfin tali saman og tók dæmi um kyngreind opinber rými. Vinnustaðir og skólar hafa viljað sýna frumkvæði eftir að lög um kynrænt sjálfræði voru samþykkt og vera með ókyngreind salerni en það er ekki leyfilegt samkvæmt reglum Vinnueftirlitsins um húsnæði vinnustaða sem kveður á um kynskipt salerni.



3. Umræður

Þátttakendum var skipt niður á fjögur borð þar sem lykilspurningar voru ræddar. Á hverju borði var umræðustjóri og ritari sem tók saman umræður hópsins. Í þessari samantekt verður farið yfir þau þemu sem komu fram í umræðunum, í tengslum við hverja lykilspurningu, og aðalatriðin dregin fram. Það skal tekið fram að umræður voru líflugar og fóru ekki alltaf í einu og öllu eftir lykilspurningunum. Hér er því búið að flokka umræðurnar niður eftir lykilspurningum og reynt að endurspeglar þau sjónarmið sem komu fram.

Lykilspurningar:

1. Hvert er hlutverk stjórnvalda og hvernig tala hinir ýmsu hlutar stjórnkerfis saman? Nærtæk dæmi eru eyðublöð, kyngreind opinber rými eins og sundlaugar og salerni, kostnaður við að breyta kyni og nafni í þjóðskrá og fleira.
2. Aðgerðaskylda í jafnréttislögum varðandi fræðslu. Hvað þýðir að sinna eigi jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum? Hvað þýðir samþætting hér, getur hún orðið afsökun fyrir að gera ekki neitt? Verður hefðbundin forgangsroðun námsgreina til þess að jafnréttisfræðsla mæti afgangi? Vann stytting framhaldsskólans gegn þessu markmiði?
3. Hvaða hlutverki gegna aðilar vinnumarkaðarins? Í nýjum lögum bæði um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum um kynrænt sjálfræði eru lagðar miklar skyldur á atvinnurekendur. Getur það að losa um kynjatvíhyggju hrist upp í kynjaskiptingu vinnumarkaðarins?
4. Eitthvað annað brýnt sem vert er að ræða.



3.1 Hvert er hlutverk stjórnvalda og hvernig tala hinir ýmsu hlutar stjórnkerfisins saman?

Þegar lög eru sett er mikilvægt að þeim fylgi úrræði til eftirfylgni. Hér er um að ræða réttindi sem tryggð eru í lögum og því skylda sem á að uppfylla. Til að hægt sé að framkvæma lög þarf að gæta að því að kerfi séu samstillt og að breyting á einum stað leiði af sér breytingar á öðrum svo ekki verði árekstrar. Það þarf skýra umgjörð um lagabreytingar og fjármagnaðar aðgerðir svo réttindi skili sér til borgaranna.

Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar löggjöfin fer á undan hinni samfélagslegu umræðu. Til dæmis ættu nemendur eða kennarar ekki að þurfa að biðja sérstaklega um að skráning nemenda í viðkomandi skóla verði með þeim hætti að persónufornöfn komi fram. Skólar ættu að hafa frumkvæði að því að breyta skráningarformi sínu í anda laga um kynrænt sjálfræði.

Taka þarf á þekkingarskortir þeirra sem veita þjónustu sem byggir á lögum og jafnframt þarf eftirfylgni af hálfu stjórnvalda með því að farið sé að lögum. Vekja þarf athygli á lagabreytingum þannig að stofnanir átti sig á að bregðast þarf við með því að uppfæra ferla, reglur eða aðstöðu.

3.2 Aðgerðaskylda í jafnréttislögum varðandi fræðslu

Hvað þýðir að sinna eigi jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum? Hvað þýðir samþætting hér og getur hún orðið afsökun fyrir að gera ekki neitt?

Jafnréttisfræðsla:

Í umræðum kom fram að formfesta ætti jafnréttisfræðslu með skýrari hætti en nú er gert. Margt hefur breyst með nýrri aðalnámskrá grunnskóla og samkvæmt henni er jafnrétti einn af grunnþáttum menntunar. Þó er skortur á að jafnréttisfræðsla sé nógu afgerandi í menntakerfinu. Er t.d. til jafnréttismarkmið í námsmati grunnskóla? Í mótun er ný menntastefna, er tryggt að jafnréttismálin séu með í þeirri vinnu? Löggjafinn leggur ríkar skyldur á menntamálaráðuneytið og nýju jafnréttislögin hafa aukið ábyrgð ráðuneytisins. Lagagrunnurinn er því til staðar en samt er einhver fyrirstaða. Hvernig er hægt að hafa eftirlit með framkvæmdinni?

Staðan í dag virðist velta á áhuga einstaka skóla og kennara þrátt fyrir ríka almenna skyldu í löggjöfinni. Áhugasamir aðilar inni í skólunum sjálfum þurfa að setja málin á dagskrá að eigin frumkvæði og jafnvel að búa til kennslufni. Ættu að vera einhver grunnskilyrði til að tryggja gæði fræðslunnar eins og er gert með önnur fög, t.d. samfélagsfræði? Það þarf að gera kynjafræði jafn hátt

undir höfði til að tryggja gæði kennslunnar. Hún ætti því að vera skyldufag í kennaranámi og hluti af endurmenntun stéttarinnar. Með því móti er hægt að tryggja getu kennara til að fjalla um erfið málefni, t.d. klám, afleiðingar klámneyslu og ofbeldi. Einnig þarf að auka kynfræðslu sem kemur of seint inn í aðalnámskrá. Kynjafræði ætti ekki að vera valfag heldur ná til allra nemenda.

Miðað við löggjöfina ætti kynjafræði að vera skyldufag á öllum skólastigum, alveg frá leikskóla og upp í háskóla. Margt gæti áunnist með því, t.d. þarf að tengja vanlíðan ungmenna við samfélagsleg norm og gefa börnum tæki til að skoða heiminn með gagnrýnum augum.

Einnig þarf að tryggja að til sé námsefni sem uppfyllir ákveðin gæðaviðmið. Þar mætti nýta kraft og þekkingu frjálsra félagasamtaka en efnið þarf að vera fjölbreytt og við hæfi mismunandi aldurshópa og einnig fyrir börn með skerðingar eða aðrar sérþarfir.

Í umræðum kom fram áhugi á að tengja saman mannréttindi, fjölþætta mismunun og jafnrétti kynja í fræðslu og tengja þannig saman réttindabaráttu ólíkra hópa svo þeim sé ekki stillt upp sem andstæðum. Mannréttindafræðsla á breiðum grundvelli á að vera hluti af því að búa í lýðræðissamfélagi.

Samþætting:

Í umræðum kom fram að samþætting getur verið afsökun fyrir því að gera ekki neitt. Það á sérstaklega við þegar sérþekkingu á málaflokknum skortir og lítill skilningur er á því hvernig nýta má fyrirliggjandi gögn. Þegar staðan er þessi förum við á mis við tækifæri til að ná árangri í jafnréttismálum. Samþætting krefst sérfræðiþekkingar og spurning er hvort gera ætti einhverjar lágmarkskröfur um þekkingu þeirra sem vinna að slíkum verkefnum innan stjórnáráðs.

Tryggja þarf að tölfræðigögn séu skráð og aðgengileg. Oft hefur verið bent á að kyngreind gögn vanti. Tregða er til að safna gögnum því að þau geta fljótt orðið persónugreinanleg. Ekki er til tölfræði um fatlaða á Íslandi, einungis fólk sem þiggur örorkubætur en ekki eru allir fatlaðir öryrkjar og á bótum. Framsetningin gefur því mjög ranga mynd af stöðunni. Lögregla skráir ekki fötlun þar sem hún túlkar það sem skráningu á viðkvæmum heilsufarsupplýsingum. Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks gerir kröfu um að þessi gögn séu til. Fatlaðar konur eru viðkvæmur hópur en við vitum í raun lítið um stöðu þeirra.

Þá komu fram vangaveltur um glötuð tækifæri sem aðallega felast í skorti á lykilsurningum og bakgrunnsspurningum í stórum rannsóknum á vegum ríkisstofnana, s.s. Hagstofu Íslands, Embættis landlæknis og þeirra aðila sem kanna líðan barna í skólum. Sem dæmi var nefnt að oftast ætti að spyrja um ofbeldi, fötlun og hinseginleika í könnunum á vegum stofnana ríkisins.

Aðgerðaskylda almennt:

Það er mikilvægt að jafnréttismálin voru færð í forsætisráðuneytið. Þannig verða aðgerðir samstilltar og vinnan verður skilvirkari og árangursríkari. Rætt var um eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu gagnvart aðgerðaskyldunni og hvort betur væri hægt að nýta þá möguleika sem felast í því hlutverki. Einnig þarf stofnunin að geta sinnt skyldum sínum gagnvart nýjum þáttum í jafnréttislöggjöfinni, t.d. með fræðslu um þau atriði sem eru ný í lögnum, s.s. fjölþætta mismunun. Þekkir fólk rétt sinn? Veit fólk hvaða þjónustu það getur fengið? Veit fólk hvað mismunun er?

3.3 Hvaða hlutverki gegna aðilar vinnumarkaðarins?

Í nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum um kynrænt sjálfræði eru lagðar miklar skyldur á atvinnurekendur. Getur það að losa um kynjatvíhyggju hrist upp í kynjaskiptingu vinnumarkaðarins?

Í umræðum kom fram að ekki var talið að þetta myndi hafa mikil áhrif nema til kæmi aukin fræðsla samhlíða. Aðilar vinnumarkaðsins hafa þar hlutverki að gegna, ekki síður en ríkið.

Fræðsla fyrir atvinnulífið virðist almennt vera lítil og bundin áhuga einstaka starfsmanna og stjórnenda á hverjum stað. Atvinnurekendur eru misjafnlega í stakk búnir til að fylgja eftir nýjum lögum, það er flókið að setja starfsemi inn í nýjan veruleika og það er þörf fyrir frekari leiðbeiningar. Jafnvel er þörf á virkari leiðsögn og samtali. Með virku samtali í gegnum fræðslu mun árangur af nýjum lögum skila sér fyrr.

Þörf er á að virkja starfsfólk meira í jafnréttismálum með fræðslu um jafnrétti kynja og mismunun og margt sem getur áunnist með slíkri fræðslu sem ekki er bara bundið við staðalmyndir og kynskiptan vinnumarkað. Slík fræðsla gæti opnað samtöl um hvað „viðeigandi ráðstafanir“ þýði og þannig gera vinnustöðum kleift að eiga frumkvæði að breytingum. Ekki er gott að einstaklingar þurfi að fara í dómsmál til að tryggja rétt sinn og að breytingar séu ekki gerðar nema óskað sé eftir þeim. Til dæmis bregst skólakerfið ekki við fyrr en kominn er nemandi sem þarf sérstök úrræði í stað þess að tryggja þau fyrir fram.

Lögin eru stundum á undan breytingum innan kerfis og það þarf að horfa á hlutina öðrum augum en áður. Það er ríkari skylda stofnana til að aðlaga sig nýjum lögum og þær standa sig misvel í því. Almenn fræðsla fyrir stofnanir um löggjöfina gefur þeim tækifæri á að sýna frumkvæði í sinni starfsemi.

Almenn fræðsla fyrir almenning um mannréttindi, fjölþætta mismunun og jafnrétti kynja er leið til að tryggja mannréttindi og lýðræði til framtíðar og

vinna gegn bakslagi í réttindabaráttu eins og við sjáum eiga sér stað víða erlendis.

Áhugi kom fram um að meta áhrifin af lögnum um kynrænt sjálfræði á samfélagsgerðina.

3.4 Annað sem vert er að ræða

Fram kom í umræðum að mikilvægt væri að tryggja þátttöku karla á fundum samráðsvettvangs í framtíðinni. Á fundinum var meirihluti þátttakenda konur en það er mikilvægt að bæði konur og karlar taki þátt. Nefnt var dæmi um að þátttökuaðilar gætu mögulega sent tvo fulltrúa á fundinn ef þau væru karl og kona.

Mikilvægt er að þau sem starfa í málaflokknum séu af báðum kynjum, endurspegli fjölbreytileika og að þau málefni sem til umfjöllunar eru séu af ýmsum toga og fjölbreytt. Meira þarf að fjalla um misrétti sem karlar verða fyrir.

Þá kom fram ánægja með nýjan samráðsvettvang og mikilvægi þess að ræða jafnréttismál með þessum hætti, bæði að ráðherra veiti áheyrn og einnig að tækifæri sé fyrir aðila til að hittast fyrir utan sínar stofnanir og ræða sín á milli um jafnréttismál. Áhugi var á þátttöku í undirbúningi funda og vali á umfjöllunarefni.



4. Niðurstöður

Rauði þráðurinn í umræðum er jafnréttisfræðsla. Samkvæmt lögum er rík skylda lögð á skólakerfið en jafnréttisfræðsla er skylda á öllum skólastigum. Þekking og geta kennara til þess að sinna þessari fræðslu er ekki hluti af námi þeirra, ekki er frátekinn tími í stundaskrá til að sinna henni og ekki er til námsmat til að meta þekkingu nemenda.

Þekkingu á kynja- og jafnréttismálum þarf að viðurkenna sem sérfræðiþekkingu, ekki bara þegar kemur að fræðslu í skólakerfinu heldur einnig í opinberri stjórnsýslu. Grunnþekking þarf að vera til staðar á eðli málaflokksins til þess að geta framkvæmt samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á þann hátt sem skilar árangri.

Einnig var rætt um mikilvægi þess að til staðar sé virk jafnréttisfræðsla fyrir atvinnulífið, starfsfólk almennt og stjórnendur. Slík fræðsla ætti að hafa tvíþætt markmið. Annars vegar að fólk þekki rétt sinn og hins vegar að atvinnurekendur þekki skyldur sínar samkvæmt lögum.

Fræðsla um nýja löggjöf auðveldar aðilum að skoða eigin starfsemi og aðlaga hana að nýjum aðstæðum. Þannig væri hægt að innleiða löggjöf með markvissum hætti sem skilar árangri fyrr. Með því mætti betur tryggja að kerfið gangi í takt og draga ekki að gera viðeigandi breytingar þangað til ný lög hafa verið sett af Alþingi.

Mikill samhljómur var meðal þátttakenda þegar kom að umræðu um mannréttindi, réttindabaráttu og fjölbreytileika. Á öllum borðum kom fram áhugi á að vinna vel saman og tryggja að staðið sé að mannréttindafræðslu og jafnréttisbaráttu með þeim hætti að rými sé fyrir fjölbreytileika og réttindi allra hópa. Hagsmunirnir eru samtvinnaðir og mikill vilji til að vinna saman og halda samstöðunni svo Ísland lendi ekki í svipuðu bakslagi í mannréttindamálum og sést víða í Evrópu núna.



